

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Ólafsfirði.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Ólafsfirði fyrir árið 1992 skal vera kr. 7 500 fyrir hvern hund, sbr. 2. gr. staflíð e í samþykkt um hundahald í Ólafsfirði nr. 81/1988.

2. gr.

Handsömunargjald samkvæmt e. lið 2. gr. sbr. og 4. gr. samþykktar nr. 81/1988, skal vera kr. 7 500.

3. gr.

Hreinsunargjald fyrir hunda á lögbýlum skal vera kr. 3 500 fyrir fyrsta hund, en kr. 1 800 fyrir hunda umfram það.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Ólafsfjarðar staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með ofangreindum gildistíma.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. október 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um breytingu á grunnfjárhæðum skv. 4. og 6. gr., sbr. 22. gr. laga nr. 83/1984 um erfðafjárskatt.

Grunnfjárhæð skv. 4. gr. verður kr. 564 446.

Grunnfjárhæð skv. 6. gr. verður kr. 40 626.

Breyting þessi tekur gildi 1. desember 1992 og gildir til jafnlengdar á næsta ári.

Félagsmálaráðuneytið, 9. nóvember 1992.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.